

Mótakerfi SKÍ

Leiðbeiningar fyrir almenna notkun

Mótakerfi SKÍ hefur tvö meginmarkmið, sem eru að einfalda skráningu iðkenda í mót á vegum sambandsins, og halda utan um iðkendatal fyrir íþróttafélög á vegum sambandsins. Með því að samræma skráningu móta og iðkenda verða til söguleg gögn eins og til dæmis keppendasaga hvers iðkanda, úrslit úr mótum, stigastöður í mótariðum og margt fleira.

Nýskráning

Iðkendur og þjálfarar stofna sinn aðgang með því að nýskrá sig. Aðgangurinn notar netfang til að auðkenna ásamt lykilorði en kennitala er notuð til að halda utan um keppnissögu iðkenda. Þjálfarar geta líka verið iðkendur en fá aukin réttindi eins og að skrá marga iðkendur í einu, úr sínu íþróttafélagi. Innskráður notandi getur skráð sig í keppni ásamt því að skrá sig í íþróttafélag á vegum SKÍ.

Til að nýskrá skal velja Nýskrá í efra hægra horninu á forsíðunni.

Innskráning

Allir notendur í kerfinu þurfa að skrá sig inn til að geta haldið áfram og gert hluti eins og að skrá sig til keppni. Notað er netfang og lykilorð til að skrá sig inn.

Til að skrá sig inn skal velja Innskrá í efra hægra horninu á forsíðunni.

Gleymt lykilorð

Ef lykilorð gleymist er hægt að fá nýtt sent í tölvupósti. Nýja lykilorðið er handahófskennd stafaruna, en því má breyta í notendastillingum eftir innskráningu.

Til að fá nýtt lykilorð skal velja Innskrá í efra hægra horninu, og svo velja Gleymt lykilorð á þeirri síðu.

Notendastillingar

Aðeins innskráðir notendur geta skoðað stillingar fyrir sinn aðgang og gert breytingar. Í stillingum er hægt að breyta heimilisfangi, símanúmeri, lykilorði ásamt ýmsu öðru.

Til að skoða notendastillingar skal skrá sig inn í kerfið, og velja svo Stillingar í efra hægra horninu.

Skráning í Íþróttafélag

Aðeins innskráðir notendur geta skráð sig í Íþróttafélag. Þegar notandi sækir um skráningu í Íþróttafélag fær viðkomandi umsjónarmaður hjá því félagi tölvupóst, og þarf að staðfesta umsóknina. Ef notandi er nú þegar skráður í félag er hægt að skrá sig úr því félagi á sama stað. Hægt er að sjá skráningasögu á sama stað.

Til að skrá sig í eða úr Íþróttafélagi skal skrá sig inn í kerfið, velja Stillingar í efra hægra horninu, og velja svo Íþróttafélag á þeirri síðu.

Skráning í mót

Aðeins innskráðir notendur geta skráð sig í mót. Í kerfinu eru skráð mót, og undir hverju móti er skipt upp eftir flokkum eða kynjum eða öðru slíku. Mót hafa skráningarfrest sem er milli tveggja dagsetninga. Stillingar fyrir mót geta ákveðið hvort einstaklingar, eða iðkendur, skrá sig sjálfir til leiks, eða að þjálfarar Íþróttafélaganna sjái um það fyrir iðkendur. Ef þjálfari á að skrá getur iðkandi ekki skráð sig sjálfur.

Þegar stillingar móts leyfa þá getur iðkandi skráð eigin börn. Þetta er í boði til þess að komast hjá því að þurfa að nýskrá börn sem eru mögulega ekki með netfang. Iðkandi gefur upp nafn, kennitölu, kyn og flokk barnsins til að skrá. Ef barnið eignast sinn eigin aðgang að kerfinu seinna, verða skráningar gerðar í gegn um foreldri hluti að þeirra keppnissögu, sem er alltaf sett saman með kennitölu.

Til að skrá sig í keppni skal skrá sig inn í kerfið, velja mót til að skrá sig í og gefa þar upp allar nauðsynlegar upplýsingar. Ferlið er svo klárað með því að ganga frá greiðslu ef gjald er í keppnina.

Ertu með frekari spurningar sem þessar upplýsingar geta ekki svarað? Endilega sendu póst á ski@ski.is og þér verður svarað eins fljótt og auðið er.